

Gátlisti fyrir lækna: Upphaf meðferðar með Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka sem fyrirbyggjandi meðferð fyrir útsetningu og viðhald meðferðar

Leiðbeiningar: Gátlistann skal fylla út í hverri heimsókn og vista í sjúkraskrá sjúklingsins

Rannsóknaniðurstöður/Mat

- Áhættumati á ósýktum einstaklingi lokið
- Neikvæð niðurstaða úr HIV-prófi staðfest rétt áður en notkun Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka sem fyrirbyggjandi meðferð er hafin
 - Ef klínísk einkenni sem tengjast bráðri veirusýkingu eru til staðar og grunur leikur á nýlegri (<1 mánuður) útsetningu fyrir smiti skal fresta fyrirbyggjandi meðferð með Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka fyrir útsetningu um a.m.k. 1 mánuð og staðfesta HIV-1 stöðu; nota skal samsett mótefnavaka/mótefnapróf
- Skimun fyrir kynsjúkdómum, svo sem sárásótt og lekanda hefur verið gerð
- Ef við á, áhætta/ávinningur metin hjá konum sem gætu verið þungaðar eða gætu viljað verða þungaðar
- HBV skimunarpróf gert
- HBV bólusetning boðin, ef við á
- Fyrir meðferð er áætluð kreatínínúthreinsun staðfest ≥ 60 ml/mín
- Reglulega á meðan á meðferð stendur hefur verið staðfest að kreatínínúthreinsun sé ≥ 60 ml/mín og fosfat í sermi $\geq 1,5$ mg/dl (0,48 mmól/l)
 - Ef kreatínínúthreinsun hefur minnkað í < 60 ml/mín eða fosfat í sermi er $< 1,5$ mg/dl (0,48 mmól/l) hjá einstaklingi sem fær Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka sem fyrirbyggjandi meðferð fyrir útsetningu skal nýrnastarfsemi metin aftur innan viku, þ.m.t. með mælingu á þéttni glúkósa í blóði, kalíums í blóði og glúkósa í þvagi. Íhuga skal jafnframt að gera hlé á meðferð með Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka hjá einstaklingum með kreatínínúthreinsun sem hefur minnkað í < 60 ml/mín eða fosfat í sermi sem hefur minnkað í $< 1,0$ mg/dl (0,32 mmól/l). Einnig skal íhuga að stöðva meðferð með Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka ef nýrnastarfsemi versnar smám saman og engar aðrar orsakir liggja fyrir
- Staðfest er að einstaklingur í hættu notar ekki önnur HIV-1 eða HBV lyf

Ráðgjöf/Eftirfylgni

- Ráðgjöf veitt um mikilvægi reglulegrar eftirfylgni, þ.m.t. regluleg HIV-1 skimunarpróf (t.d. á a.m.k. 3 mánaða fresti), á meðan Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka er notað sem fyrirbyggjandi meðferð fyrir útsetningu til að endurstaðfesta neikvæða HIV-1 stöðu
- Rætt mikilvægi þess að hætta notkun Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka sem fyrirbyggjandi meðferð fyrir útsetningu ef mótefnavending verður, til að draga úr þróun ónæmra HIV-1 afbrigða
- Ráðgjöf veitt um mikilvægi þess að fylgja daglegri skammtaáætlun
- Ráðgjöf veitt um að Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka sem fyrirbyggjandi meðferð skuli aðeins nota sem hluta af heildstæðri forvarnaráætlun og fræðsla veitt um að ástunda ávallt öruggt kynlíf og rétta notkun smokka
- Rætt mikilvægi þess að einstaklingar þekki HIV-1 stöðu sína og bólfélaga, ef unnt er
- Rætt mikilvægi þess að skima fyrir kynsjúkdómum, svo sem sárásótt og lekanda, sem geta auðveldað HIV-1 smit
- Rætt þekkt áhættuatriði tengd notkun Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til fyrirbyggjandi meðferðar fyrir útsetningu
- Farið yfir skjalið „Mikilvægar upplýsingar um Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til að draga úr hættu á HIV-sýkingu“ með einstaklingnum
- Næsti endurkomutími og dagsetningar fyrir HIV-1 skimun skráður á minnisspjaldið og það afhent einstaklingi

Útfyllt.dags: _____ Af: _____